

Hörgársveit

Fréttabréf

3. árg., 13. tbl., 21. september 2012

Lýsing á heimreiðum

Tilkynna þarf um sprungnar perur í ljósastaurum við heimreiðar fyrir lok september. Rafvirkjar fara viðgerðaferð um sveitarfélagið í fyrstu viku októbermánaðar.

Næsta ferð fyrirhuguð í desember.

Sendið tilkynningar um það sem þarf að laga með tölvupósti á netfangið jonni@horgarsveit.is eða í síma 860 6846 og 461 5474.

Fundur um Blöndulínu

Upplýsinga- og umræðufundur um stöðu mála varðandi skipulag, umhverfismat og leyfisveitingar vegna Blöndulínu 3 (220kV) verður haldinn meðal íbúa, landeigenda, sveitarstjórnarmanna og annarra hagsmunaaðila í sveitarfélaginu. Nánari dagskrá kynnt síðar.

Staður: Gistiheimilið Engimýri

Stund: Laugardagurinn 20. október 2012 kl. 10:00

Hringborð óskast

Fyrsta og annan bekk í þelamerkurskóla vantar hringborð sem má reyndar líka vera sporöskulaga. Það þarf að kosta lítið sem ekkert, en það er hægt að sækja það. Þar eru líka alltaf not fyrir kubba, bíla, púsluspil, búninga og annað dót sem aðrir eru hættir að nota.

Vinsamlega hafið samband við Ingileif í síma 897 8737 eða ingileif@thelamork.is

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is

Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

Veffang: www.horgarsveit.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar 19. sept. 2012

Mættir: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Helgi Þór Helgason og Sunna Hlín Jóhannesdóttir auk Bjarna Kristjánssonar, starfandi sveitarstjóra.

1. **Fundargerð menningar- og tómstundanefndar, 11. fundur**

Í 8 liðum. Minjasafnið á Akureyri óskar samstarfs við Hörgársveit um uppsetningu sýningar með yfirskriftinni „Hvar á ég heima“. Nefndin samþykkti að leita til ákveðinna aðila um að koma að undirbúningi sýningarinnar. Kynntur var undirbúningur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013, erindi frá Gásakaupstað um framlengingu á styrktarsamningi. Menningar- og atvinnumálafulltrúa er falið að skila inn stuttri greinargerð um framkvæmd „Sæludaga í sveitinni“. Honum er einnig falið að gera tillögu að svörum við spurningum í bréfi frá menningarráði Eyþings um sameiginlega stefnumótun í menningarmálum. Fjallað um málefni Hrauns í Öxnadal ehf., fyrir lá erindi frá Íslandsbanka hf. þar sem lögð er fram tillaga að lausn á fjárhagsvanda félagsins og að fulltrúi sveitarfélagsins taki sæti í stjórn félagsins f. h. bankans. Kynnt rannsókn og skráning eyðibýla á Íslandi. Ákveðið er að halda íbúáþing um menningar- og tómstundamál 3. nóv. n. k.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa styrktarsamningi við Gásakaupstað ses. til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013.

Samþykkt að ganga til samninga við Íslandsbanka hf. um málefni Hrauns í Öxnadal ehf. Fulltrúi sveitarfélagsins á hluthafafundi félagsins verður Hanna Rósa Sveinsdóttir, oddviti.

2. **Fundargerð 9. fundar fjallskilanefndar** lögð fram til kynningar

3. **Fundargerð 6. fundar félags- og jafnréttisnefndar.**

Kynnt annars vegar boðsbréf á landsfund jafnréttisnefnda sem haldinn var á Akranesi 14. sept. s. l. og hins vegar beiðni Jafnréttisstofu um greinargerð um stöðu jafnréttismála í sveitarfélaginu.

4. **Fundargerð 9. fundar fræðslunefndar.**

Fundargerðin er í 9 liðum þar sem fjallað er um starf Álfasteins og Þelamerkurskóla á haustönninni. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að gjaldskrá í mötuneyti Þelamerkurskóla verði óbreytt til áramóta. Breytingar á gjaldskránni miðist svo framvegis við upphaf nýs fjárhagsárs. Jafnframt verði mötuneytisgjaldið innheimt mánaðarlega á starfstíma skólans. Þá leggur nefndin til að fram fari hið fyrsta tæknileg úttekt á ástandi húsnæðis Þelamerkurskóla og viðhaldspörf þess. *Sveitarstjórn samþykkir tillögur nefndarinnar varðandi mötuneytið og mun kanna kostnað við úttekt á húsnæði Þelamerkurskóla.*

5. **Fundargerð 85. fundar byggingarnefndar Eyjafjarðar-svæðis, 4. sept. 2012.**

5 liðir varða Hörgársveit; frá B. Jensen ehf. um leyfi til stækkunar á sláturhúsi, Jónasi Þór Jónssyni, Bitrugerði, um leyfi fyrir tveimur geymslugámum, Hlíð ehf. um leyfi til byggingar vélageymslu að Hraukbæ, Þresti Þorsteinssyni, Moldhaugum, um leyfi til fjósbyggingar, og Jóni Gunnari Snorrassyni og Ásdísi Halldóru Hreinsdóttur, Akureyri, um leyfi fyrir sumarhúsi á lóð úr landi Gloppu. *Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við þessa afgreiðslu nefndarinnar.*

6. **Fundargerð 172. fundar Hafnarsamlags Norðurlands** lögð fram til kynningar.

7. **Fundargerð 799. fundar Sambands ísl. sveitarfélaga** lögð fram til kynningar.

8. **Erindi frá Hreini H. Jósavinssyni um afmörkun lóðar fyrir frístundahús úr landi Gloppu.**

Í erindinu er óskað samþykkis sveitarstjórnar fyrir afmörkun 18 þús. m² lóðar úr landi Gloppu og að landspildan verði leyst úr landbúnaðarnotkun. Innan þeirrar afmörkunar er áður afmörkuð ca. þúsund m² frístundalóð. Með erindinu fylgir nýr uppdráttur frá Búgarði sem sýnir staðsetningu og afmörkun lóðarinnar. *Sveitarstjórn samþykkir erindið.*

9. Erindi frá Rúnari Gústafssyni um leyfi til að byggja hákarlahjall á Hjalteyri.

Rúnar sækir um leyfi til að byggja hjallann neðan núverandi fiskhjalla. Hann gerir ráð fyrir einum hjalli til að byrja með en að þeir gætu orðið þrír þegar frá líður. Fyrsti hjallurinn verði ca. 4 x 5 m og í útliti eins og hjallur sem sýndur er á ljósmynd sem erindinu fylgir. Ónákvæm staðsetning er sýnd á loftmynd.

Sveitarstjórn getur fyrir sitt leyti samþykkt byggingu eins hjalls með stöðuleyfi til tveggja ára enda leggi umsækjandi inn yfirlitsmynd sem sýni nákvæma staðsetningu og að stjórn Hjalteyrar ehf. samþykki framkvæmdina. Erindinu verði að fengnu samþykki stjórnar Hjalteyrar ehf. vísað til endanlegrar afgreiðslu bygginganefndar.

10. Erindi frá Guðnýju Elise Jóhannsdóttur um leyfi til að taka til geymslu þrjá 20 feta gáma á lóð sína úr landi Eyrarvíkur.

Erindinu er vísað til afgreiðslu byggingarnefndar.

11. Efnistaka og umhverfismat, Björg II og Skútaberg.

Unnið er að umhverfismati sbr. meðfylgjandi minnisblöð sem jafnframt er yfirlýsing framkvæmdaaðilanna um að matinu verði hraðað eins og frekast er kostur.

Sveitarstjórn skorar á málsaðila að standa við þau fyrirheit að ljúka ferlinu eigi síðar en í janúar 2013.

12. Greið leið ehf. erindi dags. 31. ág. 2012, hlutafjáraukning.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að fullnýta heimild til að hækka hlutafé félagsins um kr. 100 millj. að nafnverði. Hlutur Hörgarsveitar í þeirri hækkun er kr. 914.911,00.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í hlutafjáraukningunni.

13. Málefni GáF ehf. (Grímsstaðir á Fjöllum).

Stjórn GáF ehf. hefur fengið heimild til að auka hlutafé í félaginu um kr. 450 þús. og er forkaupsréttur hluthafa að þessum nýju hlutum felldur niður. Sveitarstjórn hefur samþykkt þá tilhögun. Umfjöllun um önnur málefni er varða GáF ehf. er frestað.

14. Erindi Brynjólfs Snorrasonar mótt. 30. júlí 2012.

Brynjólfur telur skólabyggingarnar á Laugalandi mjög rafmengaðar og spyrst fyrir um það hvernig sveitarstjórn hugsí sér að bregðast við. *Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir greinargerð frá sveitarstjóra um þær lagfæringar sem þegar hafa farið fram í þeim tilgangi að draga úr rafmengun í skólabyggingunum og kynna Brynjólfi niðurstöðurnar .*

15. Erindi Icelandic Times Extra dags. 11. sept. 2012

Umsókn um styrk til útgáfu á bók sem dreift verður um allt land og inniheldur ýmiss konar landshlutabundnar upplýsingar sem gagnast eiga ferðamönnum.

Sveitarstjórn samþykkir að hafna umsókninni.

16. Erindi OpenStreetMap dags. 6. sept. 2012.

Óskað er samstarfs við sveitarfélög og fleiri aðila um söfnun gagna sem nýtast við gerð rafrænna grunnkorta með ýmiss konar upplýsingum. Verkefnið snýst um að kortleggja allan heiminn og veita frjálsan aðgang að kortagögnunum án endurgjalds.

Sveitarstjórn samþykkir að hafna erindinu.

17. Ungmannasamband Eyjafjarðar, erindi dags. 5. sept. 2012, umsókn um rekstrarstyrk á árinu 2013.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013

18. Fjárlaganefnd Alþingis, erindi dags. 3. sept. 2012.

Sveitarstjórnarfulltrúum er boðið til fundar við nefndina vegna fjárlagafrumvarps 2013 í byrjun október.

19. Greinargerð um starfsemi vinnuskólans s.l. sumar.

Greinargerðin er tekin saman af Jóni Þór Brynjarssyni og er yfirlit yfir þau verkefni sem starfsmenn skólans tóku að sér. Verkefnin eru fjölþætt s. s. viðhaldsvinna á fjárréttum, illgresiseyðing og ýmis minni viðhaldsverkefni á lóðum og lendum sveitarfélagsins, byggingum o.fl. *Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með starfsemi skólans.*

20. Fráveitumál á Hjalteyri.

Fráveita frá tveimur húsum sem standa niður á „Kambinum“ er í ólagi. Á flóði er innstreymi í lögnum sem veldur því að ekkert fer frá húsunum. Fyrir fundinum liggur greinargerð frá Jóni Þór Brynjarssyni þar sem hann lýsir vandanum og gerir grein fyrir óformlegum tillögum verkfræðistofunnar Verkís hf. til úrlausnar.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að krefja Verkís hf. um formlega tillögu til lausnar á þessum vanda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 23.30.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður

17. október í Þelamerkurskóla

Dagskrá fundarins mun birtast á www.horgarsveit.is síðdegis 15. október